



VARNARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS
ICELANDIC DEFENCE AGENCY

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/490
komudagur 15. 12. 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Keflavíkurflugvelli, 12. desember 2008
Tilvísun: VMSÍ 2008.120.012

Efni: Umsögn Varnarmálastofnunar um tillögu til þingsályktunar um rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál, þskj. 20 – 20. mál.

Varnarmálastofnun fagnar sýndum áhuga flutningsmanna á utanríkis- og öryggismálum sem og sýn þeirra og efni þingsályktunartillögunnar. Markvissar rannsóknir og greiningar á utanríkis-, öryggis- og varnarmálum eru hverri sjálfstæðri þjóð nauðsynlegar, einkum á óvissutímum sem þessum. Efling innlendra rannsókna, greiningar og eða fræðastarfa á umræddu sviði væri Varnarmálastofnun fagnaðarefni. Hvetja þarf til aukinnar umræðu, bæði faglegrar og almennrar, um öryggis- og varnarmál þjóðarinnar.

Frá því að öryggismálanefnd forsætisráðuneytisins sem stofnuð var árið 1978 var lögð niður í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar hefur enginn opinber rannsóknarvettvangur verið til staðar til að sinna rannsóknar- og greiningarstarfi á sviði utanríkis- öryggis- og varnarmála.

Með varnarmálalögum nr. 34/2008 er slíkur vettvangur endurreistur að hluta. Samkvæmt 23. gr. laganna er gert ráð fyrir að Varnarmálastofnun annist úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum bandalagsþjóða NATO og annarra erlendra samstarfsaðila til að greina m.a. hættur sem kunna að steðja að íslensku yfirráðasvæði, hagsmunum og íslenskum ríkisborgurum m.a. vegna hernaðarumsvifa eða hættuástands. Umrædd upplýsingavinnsla snýr aðeins að erlendum landssvæðum og hættum þaðan frá. Greininguna vinnur stofnunin fyrir stjórnvöld, aðallega utanríkisráðuneytið.

Þótt að hugsunin á bak við rannsóknar- og greiningarvinnu Varnarmálastofnunar samkvæmt 23. gr. laga um varnarmál hafi einkum verið til að þjóna t.d. starfsmönnum íslensku friðargæslunnar, þróunarsamvinnustofnunar og íslenskum fyrirtækjum á fjarlægum áttaksvæðum er ljóst að undir verksvið stofnunarinnar fellur einnig greining og rannsóknir á þróun utanríkis- og öryggismála í næsta nágrenni Íslands, þ.á.m. á Norður Atlantshafi og norðurskautssvæðum. Varnarmálastofnun vinnur þegar daglegar og vikulegar greiningar á þróun utanríkis- og öryggismála fyrir utanríkisráðuneytið sem ná til nær- og fjærsvæða Íslands.


Varnarmálastofnun er ætlað samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í tengslum við rannsóknir og þróun á starfssviði stofnunarinnar samkvæmt 13. tölul. 7. gr. laga um varnarmál. Má því segja að vilji löggjafans til að efla rannsóknir og greiningarvinnu á utanríkis-, öryggis og varnarmálum hafi þegar komið fram í lögum um varnarmál. Unnið er að því að byggja upp samstarf stofnunarinnar við erlendar rannsóknarstofnanir og innlent háskólasamfélag til að auka enn á getu hennar til að stuðla að faglegri rannsóknarstarfsemi á sviði utanríkis- og varnarmála.

Það er skoðun Varnarmálastofnunar að þegar sé til vísir að þeirri rannsóknarstofnun á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála sem lagt er til að verði sett á fót með umræddri þingsályktunartillögu. Varnarmálastofnun í samstarfi við háskólasamfélagið getur þjónað þeirri þörf er framsögumenn svo réttilega benda á að sé til staðar.

Mörg dæmi um rannsóknarstofnanir af þessu tagi sem njóta bæði álits og virðingar finnast hjá nágrannalöndum, nátengdar viðkomandi varnarmálaráðuneytum. Má í því samhengi nefna til dæmis Totalforsvarets forskningsinstitut eða FOI í Svíþjóð og Forsvarets Forskningsinstitut eða FFI í Noregi. Rannsóknarstarfssemi sem þessi getur vel haldið faglegu sjálfstæði sínu þótt hún sé undir stjórn Varnarmálastofnunar. Slíkt sjálfstæði má auðveldlega tryggja með víðtæku samstarfi við aðrar stofnanir utan og innan háskólasamfélagsins þ.á.m. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Aukinheldur má reikna með að samþjöppun þekkingar á umræddu fræðisviði verði í framtíðinni hvergi meiri en hjá Varnarmálastofnun og því yrði rannsóknarstarfssemi hvergi öflugri en þar. Aðskilnaður rannsóknarstarfssemi frá Varnarmálastofnun væri hinsvegar til þess fallinn að veikja báða aðila, í stað þess að styrkja.

Leggur Varnarmálastofnun því til að efni þingsályktunartillögunnar verði breytt samkvæmt framansögðu og Varnarmálastofnun falið aukið vægi og geta til uppbyggingar umræddrar rannsóknarstarfssemi á utanríkis- og öryggismálum í samstarfi við háskólasamfélagið í stað þess að stofnuð verði til þess sérstök ný stofnun með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkissjóð.

F.h. Varnarmálastofnunar



Guðmundur Ingólfsson,
lögfræðingur Varnarmálastofnunar

